LITIR GERÐIR ÚR ÍSLENSKUM JURTUM


Ásta Erlingsdóttir sýnir vatnslitamyndir í Gerðubergi

Sl. sunnudag hófst í Gerðubergi sýning á 40 vatnslitamyndum Ástu Erlingsdóttur, sem orðnar eru til á sl. tveimur árum. Hér sýnir Ásta einkum blóma og landslagsmyndir en einnig fantasíur. Óvenjulegt mun það þykja að myndirnar eru allar málaðar með litum sem Ásta hefur sjálf búið til úr íslenskum jurtum, en hún hefur langa reynslu og kynni af jurtum úr grasalækningastarfi sínu og jurtasöfnunarferðum um allt Ísland.

Sýningin er opin frá því kl. 14 – 21 alla virka daga, en frá 14 – 18 föstudaga, laugardaga og sunnudaga. Á sýningunni er til sölu bókin um ævi og starf Ástu, sem út kom fyrir nokkrum dögum og áritar hún hana á sýningu sinni.



Ásta við opnun sýningar sinnar sl. sunnudag.



Sýning Rúnu Gísladóttur að Kjarvalsstöðum

Sýningu Rúnu Gísladóttur að Kjarvalsstöðum sem hófst 7. nóvember lýkur á sunnudagskvöld. Á sýningunni eru 104 myndverk, akrýl- og olíumálverk og collagemyndir (klippimyndir).

Þetta er fyrsta einkasýning Rúnu, en hún hefur áður tekið þátt í nokkrum samsýningum, m.a. FÍM-sýningum 1981 og 1983, Kirkjulistarsýningu að Kjarvalsstöðum um páska 1983 og „Reykjavík í myndlist" að Kjarvalsstöðum sumarið 1986.

Rúna Gísladóttir lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1962 og stundaði almenna kennslu í 10 ár. Hún nam síðan málun og myndvefnað í Noregi 1974-76 og var við nám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands á árunum 1978-82. Hún útskrifaðist úr málaradeild.

Síðan hefur Rúna starfað sjálfstætt á vinnustofu að Selbraut 11 á Seltjarnarnesi og stundar þar einnig myndlistarkennslu í námskeiðaformi.

Sýning Rúnu hefur verið fjölsótt og er opin daglega klukkan 14.00-22.00. Henni lýkur sem fyrr segir næstkomandi sunnudagskvöld.

BÍLASÝNING

Sýnum laugardag og sunnudag kl. 14.00-17.00

Á AKUREYRI: í nýjum sýningarsal hjá Sigurði Valdimarssyni, Óseyri 5A

NISSAN PATROL og SUNNY

Í REYKJAVÍK:

NISSAN

Fólksbíla og pick-up

Lánakjör:



Aðeins 25% út, eftirstöðvar lánaðar í allt að 30 mánuði

Verið velkomin – Alltaf heitt á könnunni

IH 1957-1987 30 ára

IH INGVAR HELGASON HF.

Sýningarsalurinn/Rauðagerði, simi 33560.